

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurvegur, Reykjavíkurvegur 72.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 18. desember 2007 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurvegur vegna Reykjavíkurvegur 72 í Hafnarfirði. Breytingin felst í því að leyft verður að byggja þrjár hæðir frá Reykjavíkurvegi og Stakkahrauni og fjögurra hæða turnbyggingu í suðvesturhorni hússins. Bílskýli á tveimur hæðum verður aftan við húsið. Nýtingarhlutfall lóðar án bílskýlis er 1,08, hámarkshæð 4,5 m. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun, sem fór fram á að gildandi deiliskipulag frá árinu 1985 væri sýnt og framangreind deiliskipulagsbreyting á sama grunn. Brugðist hefur verið við fyrri athugasemdinni, en ekki var hægt að teikna breytinguna á nákvæmlega sama grunn, þar sem hann er aðeins til á pappír. Grunnarnir eru þó sambærilegir.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 4. ágúst 2009,*

**Bjarki Jóhannesson** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. ágúst 2009